

Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 21. desember 2020

Mál nr. E-932/2014:

A

(Steingrímur Þormóðsson lögmaður)

gegn

Íslenska ríkinu

(Óskar Thorarensen lögmaður)

Dómur

Mál þetta, sem var dómtekið 25. nóvember sl., var höfðað [...] 2014.

Stefnandi er A, [...].

Stefndi er Íslenska ríkið, vegna velferðarráðuneytisins, Hafnarhúsinu við Tryggvagötu í Reykjavík, vegna Landspítalans, [...] í Reykjavík.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru aðallega þær að stefnda verði gert að greiða honum 28.565.759 krónur, ásamt 4,5% ársvöxtum af 6.831.759 krónum frá [...] til [...] 2008, en af 27.565.759 krónum frá þeim degi til [...] 2014, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá þeim degi til greiðsludags, allt að frádregnum innborgunum að fjárhæð 9.707.821 króna þann [...] 2017 og 2.185.060 krónur þann [...] 2017.

Til vara krefst stefnandi þess að stefnda verði gert að greiða honum 27.565.759 krónur, ásamt 4,5% ársvöxtum af 6.831.759 krónum frá [...] til [...] 2008, en af 27.565.759 krónum frá þeim degi til [...] 2014, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá þeim degi til greiðsludags, allt að frádregnum innborgunum að fjárhæð 9.707.821 króna þann [...] 2017 og 2.185.060 krónur þann [...] 2017 og bótum frá lífeyrissjóðum miðað við stöðugleikadag [...] 2008 að fjárhæð 8.390.034 krónur og 6.727.147 krónur.

Í báðum tilvikum krefst stefnandi málskostnaðar eins og málið væri ekki gjafsóknarmál.

Stefndi krefst aðallega sýknu af dómkröfum stefnanda og málskostnaðar, en til vara krefst hann verulegrar lækkunar og þess að málskostnaður verði felldur niður.

Mál þetta var í upphafi höfðað aðallega gegn Sjúkratryggingum Íslands og til vara gegn stefnda Íslenska ríkinu. Með úrskurði héraðsdóms dags. [...] 2014 var

frávísunarkröfu stefnda, íslenska ríkisins, hafnað. Í þinghaldi [...] 2015 lýstu lögmenn aðila því að þeir væru sammála um að sakarefni málsins skyldi skipt með þeim hætti að fyrst yrði dæmt um kröfu stefnanda um að felld yrði úr gildi ákvörðun Sjúkratrygginga Íslands frá [...] 2010 og úrskurður úrskurðarnefndar almennatrygginga frá [...] 2011, en fjárkröfur á hendur Sjúkratryggingum og stefnda íslenska ríkinu skyldu bíða. Fallist var á framangreint, sbr. 31. gr. laga nr. 91/1991. Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur, [...] 2017, var úrskurður úrskurðarnefndar almennatrygginga frá [...] 2011, í máli nr. [...] /2010, felldur úr gildi. Þeim dómi var ekki áfrýjað. Í framhaldi af þessari niðurstöðu gerðu stefnandi og Sjúkratryggingar Íslands með sér samkomulag um greiðslur til handa stefnanda og í kjölfarið var fallið frá frekari kröfum á hendur þeim stefnda í málinu. Eftir stóðu þá framangreindar kröfur stefnanda á hendur stefnda íslenska ríkinu. Í dómi Héraðsdóms Reykjavíkur, [...] 2018, voru stefnanda dæmdar skaðabætur úr hendi stefnda. Var sá dómur síðan ómerktur og þessum þætti málsins vísað að nýju til meðferðar í héraði með úrskurði Landsréttar í máli nr. [...] /2019, þann [...] 2019. Nýr dómsformaður tók við málinu í janúar á þessu ári vegna námsleyfis dómsformanns sem hafði farið með málið fram að því. Með hliðsjón af leiðbeiningum Landsréttar í úrskurði réttarins [...] 2019 er framangreindur eftirstandandi þáttur málsins að nýju tekinn til dóms að lokinni aðalmeðferð þar sem stefnda hefur nú gefist kostur á því að koma að fullum vörnum sínum í máli þessu fyrir fjölskipuðum dómi sem skipaður er í samræmi við 2. mgr. 2. gr. laga nr. 91/1991, sbr. 1. gr. laga nr. 49/2016. Dráttur hefur orðið á meðferð málsins vegna vandkvæða við það að skipa dóminn þar til bærum sérfræðingum í ljósi ferðatakmarkana o.fl. vegna heimsfaraldurs á þessu ári.

Málavextir og ágreiningsefni

Stefnandi hefur átt við sjúkdóm að stríða frá árinu 1990, en þá fékk hann fyrst hjartaáfall og kransæðastíflu. Árið 2002 fékk hann framveggisdrep. Í ljós kom að stefnandi væri með alvarlegan kransæðasjúkdóm og fór hann það sama ár í kransæðaaðgerð. Árið 2004 fékk stefnandi hjartastopp. Í framhaldi af því var græddur í hann bjargráður. Var bjargráðurinn af gerðinni [...] og framleiddur af A með módelnúmerið [...] og framleiðslunúmerið [...].

Í skýrslu B læknis frá [...] 2007, vegna umsóknar stefnanda frá [...] 2007 um örorkulífeyri, kemur fram að eftir áfallið á árinu 2002 hafi stefnandi verið með 50% skerðingu á hjartastarfsemi. Stefnandi fékk úrskurðaðan örorkustyrk frá [...] 2007.

Þann [...] 2007 gaf bjargráðurinn í stefnanda frá sér ótímabært rafstuð, án þess að um hjartsláttartruflun hefði verið að ræða. Við skoðun sérfræðings frá framleiðanda tækisins kom ekkert athugavert í ljós. Stefnandi var aftur tekinn til athugunar viku

síðar og kom þá enn ekkert í ljós. Þann 22. sama mánaðar var tækið kannað af C, sérfræðingi A í [...]. Hann fann ekkert athugavert við tækið eða vírinn.

Þann [...] 2007 gaf bjargráðurinn tvisvar frá sér rafstuð. Stefnandi leitaði á bráðamóttöku Landspítalans. Ákveðið var að gera aðgerð á stefnanda og skoða tækið og mögulega skipta um búnaðinn. Í aðgerðinni, sem gerð var daginn eftir, var vírinn á tækinu losaður en við það kom gat á einangrun leiðslunnar. Þar sem leiðslan reyndist vera föst var hún látin liggja áfram en jafnframt sett inn ný leiðsla. Bjargráðurinn var fjarlægður og settur inn nýr bjargráður af annarri tegund sem einnig var framleiddur af A. Í aðgerðinni gerði D hjartalæknir mælingar, tengdi tækið og prófaði það. Í göngudeildarnótu læknisins frá [...] 2009 kemur fram að ekki verði séð að tækjabúnaði eða vír hafi verið um að kenna í þessu tilviki. Í útskriftarnótu N hjartalæknis frá [...] 2007 segir hins vegar að komið hafi í ljós að leiðslan sé biluð. Það sama greinir í sjúkraskrá [...]deildar LSH, en þar segir meðal annars: „Við úrlestur á bjargráð á bráðamóttökunni kemur í ljós að leiðslan er biluð.“ Þá segir í aðgerðarlýsingu O læknis frá [...] 2007 að grunur hafi verið um að eitthvað væri athugavert við leiðsluna. Því hafi verið ákveðið að skipta um leiðslu. Þá segir í aðgerðarlýsingunni að gamli skurðurinn hafi verið opnaður, vírarnir hafi verið vel flæktir í vasanum, þeir hafi verið losaðir en við það hafi orðið sköddun á vírum þannig að ekki hafi verið unnt að greina hvort eitthvað hefði verið að einangruninni áður. Þá segir í útskriftarnótu D læknis frá [...] 2008 að við úrlestur á bjargráði hafi komið í ljós að leiðslan væri biluð.

Þann [...] 2008 kom í ljós að nýi bjargráðsvírinn hafði færst til og fór stefnandi í aðgerð að nýju [...] 2008. Í aðgerðinni var skipt um leiðsluna en sú fyrri var talin ónýt og var klippt í sundur.

Stefnandi telur sig hafa orðið fyrir heilsutjóni vegna rafstuðsins [...] 2007 og aðgerðanna tveggja í kjölfarið. Með bréfi [...] 2009 fór hann fram á það að Sjúkratryggingar Íslands greiddu honum bætur á grundvelli laga nr. 111/2000 um sjúklingatryggingu og vísaði til 2. og 4. töluliðar 2. gr. þeirra. Sjúkratryggingar Íslands höfðu kröfu stefnanda með bréfi [...] 2010 þar sem stofnunin taldi ekki um sjúklingatryggingaratburð að ræða.

Stefnandi kvartaði til Landlæknis [...] 2009. Landlæknisembættið óskaði eftir greinargerð frá Landspítalanum vegna málsins en sendi að því loknu frá sér álit [...] 2010 þar sem komist var að þeirri niðurstöðu að engin mistök hefðu verið gerð við meðferð stefnanda. Þá var því hafnað að leiðslan í bjargráði stefnanda væri biluð og um það meðal annars vísað til greinargerðar M, sérfræðings í lyflækningum og hjartasjúkdómum, frá [...] 2010. Stefnandi kærði ákvörðun Landlæknisembættisins til heilbrigðisráðuneytisins [...] 2010. Þann [...] sama ár tilkynnti Landlæknir ráðuneytinu að ákveðið hefði verið að taka málið upp að nýju. Embættið lét síðan í té nýtt álit [...]

2010. Var þar komist að þeirri niðurstöðu að ekki yrði séð að um vanrækslu eða mistök við veitingu heilbrigðisþjónustu hefði verið að ræða í máli stefnanda.

Þann [...] 2010 kærði stefnandi ákvörðun Sjúkratrygginga Íslands um synjun bótaskyldu til úrskurðarnefndar almannatrygginga og óskaði eftir endurskoðun ákvörðunar þeirra um synjun bótaskyldu. Með úrskurði sínum [...] 2011 komst nefndin að þeirri niðurstöðu að meiri líkur en minni væru á því að hrakandi heilsufar stefnanda mætti rekja til undirliggjandi hjartasjúkdóms hans og versunar á einkennum sjúkdómsins, en mætti hvorki rekja til galla í bjargráði eða til svæfinga sem hann hefði tvívegis þurft að gangast undir af þeim sökum. Því ætti enginn töluliður 2. gr. laga nr. 111/2000 við um tilvik stefnanda. Beitt hefði verið hefðbundnum og faglegum læknisúrræðum þegar komið hefði í ljós að bjargráðurinn hefði gefið frá sér rafstuð án tilefnis. Ekki hafi verið leitt í ljós að um hafi verið að ræða bilun eða galla í tækjabúnaði og ekkert bendi til þess að val hafi verið á annarri meðferðaraðgerð eða -tækni sem komið hefði í veg fyrir einkenni stefnanda. Var ákvörðun Sjúkratrygginga Íslands frá [...] 2010 því staðfest.

Í [...] 2010 sendi A bréf með viðvörðun um að galli gæti leynst í leiðslum, meðal annars af gerðinni [...] eins og stefnandi var með. Fram kom í bréfinu að óeðlilega oft gæfi ytra byrði leiðslu sig og það gæti leitt til leiðslutruflana. Sölu [...] -leiðslna var hætt í [...] 2010 vegna þessa. Í [...] 2011 sendi A annað bréf þar sem athygli var vakin á óeðlilega hárra bilanatíðni umræddra leiðslna og væri bilanatíðni nú metin enn hærra. Í [...] 2011 gaf bandaríska lyfjaeftirlitið út bann við notkun þessara leiðslna vegna óásættanlega hárra bilanatíðni sem gæti leitt til alvarlegs skaða sjúklinga eða dauða.

Við skoðun stefnanda hjá D lækni þann [...] 2012 var honum tjáð að í ljós hefði komið að bjargráður eins og hann hefði upphaflega verið með hefði í nokkrum tilvikum reynst gallaður. Á röntgenmynd, sem tekin var af stefnanda [...] 2010, sést að einangrun bjargráðsleiðslunnar sem tekin var úr sambandi við bjargráðinn í aðgerðinni [...] 2007 er rofin.

Stefnandi leitaði álits E bæklunarlæknis, F hjartalæknis og G lögfræðings á afleiðingum ætlaðs sjúklingatryggingaratburðar. Skiluðu þeir matsgerð [...] 2014 þar sem komist er að þeirri niðurstöðu að starfsemi vinstri slegils hafi versnað mjög eftir óréttmætt stuð í [...] 2007. Sá atburður skilji eftir sig útbreiddan „ischemiskan“ hjartasjúkdóm og „ischemiska cardiomyopatiu“ sem geri það að verkum að starfsgeta stefnanda sé mjög takmörkuð vegna skertrar starfsemi hjartans. Matsmenn töldu að stefnandi væri eftir þetta algjörlega óvinnufær. Þótt undirliggjandi sjúkdómur hefði getað farið hægt versnandi og valdið einhverri örorku síðar meir væri réttmætt að meta stefnanda til 65% varanlegrar örorku vegna afleiðinga sjúklingatryggingaratburðarins.

Stefnandi krafðist þess þann [...] 2014 að Sjúkratryggingar Íslands greiddu honum bætur á grundvelli framangreindrar matsgerðar. Erindinu hafði ekki verið svarað þegar stefna málsins var birt þann 27. sama mánaðar.

Undir meðferð máls þessa, á dómþingi [...] 2014, að undangengnum úrskurði, voru dómkvaddir matsmenn að kröfu Sjúkratrygginga Íslands og stefnda íslenska ríkisins til að meta afleiðingar bilunar í bjargráðsbúnaði stefnanda. Í matsgerð matsmannanna I hjartalækni og J hrl. frá [...] 2015 var komist að þeirri niðurstöðu að stefnandi hefði ekki orðið fyrir heilsutjóni af völdum sjúklingatryggingaratburðar [...] 2007/2008 umfram það sem við hefði mátt búast. Töldu matsmenn meiri líkur en minni á því að ekki væri unnt að rekja versnun á hjartasjúkdómi hans til sjúklingatryggingaratburðarins.

Stefnandi óskaði í framhaldi eftir yfirmati. Á dómþingi [...] 2015 voru dómkvaddir sem yfirmatsmenn hjartalæknarnir H og K ásamt með L [...]prófessor. Í yfirmatsgerð sinni frá [...] 2015 samsinna þeir niðurstöðu undirmats um það að stefnandi hafi ekki orðið fyrir heilsutjóni umfram það sem ætla mætti að hann hefði annars þurft að þola með tilliti til undirliggjandi hjartasjúkdóms og líkamlegs ástands af hans völdum. Versnun á sjúkdómseinkennum væri samkvæmt því ekki að rekja til bjargráðs eða bilana á bjargráðsleiðslum heldur einkum undirliggjandi kransæðasjúkdóms stefnanda.

Sem að framan greinir var sakarefni málsins skipt. Þann [...] 2017 felldi dómurinn úr gildi úrskurð úrskurðarnefndar almannatrygginga í máli nr. [...] /2010 frá [...] 2011. Í kjölfar þess dóms ákváðu Sjúkratryggingar Íslands, [...] 2017, að greiða stefnanda hámarksbætur samkvæmt 2. mgr. 5. gr. laga nr. 111/2000, eða 9.707.821 krónu, auk vaxta, eða alls 11.892.881 krónur. Stefnandi krefur nú í þessum eftirstandandi þætti málsins stefnda um mismun upphaflegrar kröfu sinnar og þess sem hann telst þegar hafa fengið greitt, en stefndi tekur til varna og krefst sýknu.

Málsástæður stefnanda

Stefnandi byggir á því að hann hafi hlotið varanlegt heilsutjón vegna óvænts rafstuðs sem hann hafi fengið tvisvar sinnum í [...] 2007 og tveggja aðgerða í kjölfarið, [...] 2007 og [...] 2008. Hann hafi orðið fyrir líkamstjóni vegna bilunar eða galla í tæki í tengslum við sjúkdómsmeðferð á heilbrigðisstofnun. Bjargráður, er fjarlægður hafi verið úr stefnanda með aðgerð, [...] 2007, hafi verið bilaður eða gallaður og stefnandi hafi hlotið af varanlegar líkamlegar afleiðingar.

Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur, dags. [...] 2017, hafi úrskurður úrskurðarnefndar almannatrygginga, dags. [...] 2011, í máli nr. [...] /2010, verið felldur úr gildi og stefnandi í framhaldinu fengið greiddar bætur frá sjúkratryggingum.

Stefnandi hafi, með heimild í 10. grein skaðabótalaga, aflað sérfræðimats á tjóni sínu. Því mati hafi ekki verið hnekkt þar sem niðurstöðum fyrirbyggjandi matsgerða í málinu hafi verið hnekkt í dómi héraðsdóms á hendur Sjúkratryggingum Íslands í þessu sama máli frá [...] 2017. Stefnandi byggir á því að hann hafi með öflun framangreinds sérfræðimats axlað þá sönnunarbyrði sem á honum hvíli.

Í niðurstöðu framangreinds héraðsdóms í þessu máli, dags. [...] 2017, á hendur Sjúkratryggingum Íslands, komi fram að dómurinn telji meiri líkur en minni á því að skyndilega versnun sjúkdómseinkenna stefnanda megi rekja til ótímabærs rafstuðs sem hann hafi fengið í [...] 2007 vegna galla í bjargráðsleiðslu og atburða í tengslum við það. Stefnandi hafi því fært sönnur á að skilyrði 2. töluliðar 2. gr. laga nr. 111/2000 um sjúklingatryggingu væru uppfyllt og hann eigi því rétt á bótum samkvæmt honum. Í kjölfarið hafi Sjúkratryggingar Íslands greitt stefnanda hámarksbætur ásamt vöxtum og málskostnaði. Stefnandi krefji nú stefnda, íslenska ríkið, um greiðslu þess sem eftir standi af bótakröfu hans, en krafan sé byggð á sérfræðimati því sem stefnandi hafi aflað og sé sundurliðuð þannig:

Bætur vegna miska:

10.080x60 stig	kr. 6.048.000
----------------	---------------

Bætur fyrir varanlega örorku:

3.834.000x8.320x65%	kr. 20.734.000
---------------------	----------------

Bætur fyrir sjúkrakostnað og framtíðarsjúkrakostnað	kr. 1.000.000
---	---------------

Tímabundið tekjutjón	kr. 450.363
----------------------	-------------

<u>Þjáningabætur:</u>	<u>kr. 333.396</u>
-----------------------	--------------------

<u>Samtals bætur</u>	<u>kr. 28.565.759</u>
----------------------	-----------------------

Til frádráttar komi innborganir að fjárhæð 9.707.821 króna þann [...] 2017 og 2.185.060 krónur þann [...] 2017.

Varakrafan sundurliðist þannig:

Bætur vegna miska:

10.080x60 stig	kr. 6.048.000
----------------	---------------

Bætur fyrir varanlega örorku:

3.834.000x8.320x65%	kr. 20.734.000
---------------------	----------------

Tímabundið tekjutjón	kr. 450.363
----------------------	-------------

<u>Þjáningabætur:</u>	<u>kr. 333.396</u>
-----------------------	--------------------

<u>Samtals bætur</u>	<u>kr. 27.565.759</u>
----------------------	-----------------------

Til frádráttar komi síðan innborganir að fjárhæð 9.707.821 króna þann [...] 2017 og 2.185.060 krónur þann [...] 2017, sem og bætur frá lífeyrissjóðum miðað við stöðugleikadag [...] 2008 að fjárhæð 8.390.034 krónur og 6.727.147 krónur.

Bætur fyrir miska reiknist þannig, samkvæmt 4. gr. skaðabótalaga: Höfuðstóll 4.000.000 x 8271 (verðtryggingarvísitala við útgáfu matsgerðar)/3282 = 10.080.00,

skv. 2. mgr. 15. gr. skbl., sbr. 1. mgr. 15. greinar. Bætur fyrir varanlega örorku reiknist þannig, skv. 1. mgr. 7. greinar skbl., við stöðugleikatímapunkt en skv. matsgerð [...] 2008, þá er aldursstuðull stefnanda reiknaður 8,320. Árslaun skv. 1. mgr. 7. gr. skaðabótalaga reiknist þannig: Árið 2004, árslaun 3.115.585 kr. x 7449/5550 = 4.181.700. Árið 2005 árslaun 2.336.000 kr. x 7449/5656 = 2.921.500. Árið 2006 árslaun 3.136.000 kr. x 7449/6584 = 3.548.000. Meðallaun 3.550.000 krónur að viðbættu iðgjaldaálagi vegna lífeyrissjóðs, 3.834.000 krónur. Tímabundin örorka skv. 2. gr. skaðabótalaga sé reiknuð út frá launum árið 2007: $3.337.000/12 = 278.000$ sem á tímabili óvinnufærni, fimm mánuðum, geri 1.500.000 krónur með iðgjaldaálagi.

Stefnandi geri einnig kröfu um annað fjártjón og framtíðarsjúkrakostnað skv. 1. mgr. 1. gr. skaðabótalaga, að álitum 1.000.000 króna, en ljóst sé að stefnandi verði mun meira undir læknishendi en ella vegna sjúkratryggingaratburðarins, til komi aukinn kostnaður vegna ferða til lækna og alls kyns kostnaður vegna komugjalda, lyfja, símanotkunar og aksturs.

Stefnandi telji að stefndi eigi að greiða honum mismun á heildarkröfu hans og því sem hann hafi fengið greitt frá Sjúkratryggingum Íslands þannig að hann fái fullar bætur. Þessu til grundvallar vísi stefnandi til 7. gr. laga nr. 111/2000, enda sé um skaðbótaskyldu ríkisins að ræða.

Stefnandi byggir kröfu sína einkum á lögum nr. 25/1991 um skaðsemisábyrgð. Landspítalinn hafi verið innflytjandi bjargráðsins og stefnandi orðið fyrir líkamstjóni sökum ágalla á vörunni. Lögin gildi um skaðabótaábyrgð framleiðanda og dreifingaraðila vegna ágalla á vörum sem þeir hafa framleitt eða dreift. Í 2. gr. komi fram að greiða skuli bætur vegna líkamstjóns og missis framfæranda. Landspítalinn og þar með íslenska ríkið teljist dreifingaraðili samkvæmt 3. mgr. 4. gr. laganna. Samkvæmt 10. gr. laganna beri dreifingaraðili beina ábyrgð á skaðsemistjóni gagnvart tjónþola.

Hugtakið ágalli sé skilgreint í 1. mgr. 5. gr. sömu laga. Samkvæmt ákvæðinu teljist vara haldin ágalla þegar hún er ekki svo örugg sem með réttu mátti vænta eftir öllum aðstæðum, einkum því hvernig hún var boðin og kynnt, notkun þeirri sem með sanngirni mátti gera ráð fyrir og hvenær vöru var dreift.

Bjargráðurinn hafi ekki verið svo öruggur sem með réttu hafi mátt vænta eftir öllum aðstæðum, einkum notkun þeirri sem með sanngirni hafi mátt gera ráð fyrir. Hann hafi gefið stuð að ósekju, sem leitt hafi til þess að stefnandi hafi orðið að undirgangast aðgerð og fá nýjan bjargráð. Umrætt stuð megi rekja til ágalla á bjargráðnum í skilningi laga um skaðsemisábyrgð.

Upplýsingar frá framleiðanda bjargráðsins staðfesti að galli hafi fundist í fjölda tækja af þeirri tegund sem grædd hafi verið í stefnanda. Afleiðingar þessa galla hafi m.a. lýst sér í rafstuðum að ósekju. Ljóst sé að stefnandi hafi orðið fyrir miklu tjóni

og lífsskjaraskerðingu vegna rafstuðsins, en stefnanda hafi verið tilkynnt um það árið 2012 að bjargráðurinn hefði hugsanlega verið gallaður.

Stefnandi byggir kröfu sína einnig á reglum skaðabótaréttar um hlutlæga ábyrgð vegna bilunar í tæki, en bjargráður hafi verið haldinn galla sem Landspítalinn beri ábyrgð á sem umsjónaraðili tækisins og söluaðili þess. Einnig sé byggt á því að bjargráðurinn hafi verið vanbúinn eða gallaður eða ekki rétt græddur í stefnanda en á því beri Landspítalinn ábyrgð, m.a. á grundvelli vinnuveitendaábyrgðar hins opinbera varðandi þá starfsmenn sem að verkinu hafi staðið og vísist í því efni til reglna skaðabótaréttar um nafnlaus mistök og uppsöfnuð mistök.

Í norrænum skaðabótarétti hafi sönnunarsjónarmið þróast svo að sú regla sé talin gilda um skaðabótaábyrgð lækna og sjúkrastofnana að sannist vanræksla eða mistök beri viðkomandi læknir og/eða sjúkrastofnun sönnunarbyrði fyrir því, að afleiðingar hefðu komið fram þó svo að engin mistök hefðu átt sér stað. Reglan feli í sér öfuga sönnunarbyrði, hvað þennan þátt varði, og styðjist við fjölda dómafordæma. Stefndi eða Landspítalinn beri, eins og atvikum þessa máls sé háttað, sönnunarbyrði í málinu og þurfi að sanna að tjón stefnanda hefði komið fram þótt engin mistök hefðu átt sér stað. Vísað sé til sakarlíkindareglunnar og meginreglunnar um sérfræðiábyrgð.

Krafa stefnanda á hendur stefnda sé sjálfstæð skaðabótakrafa, óháð kröfu á hendur Sjúkratryggingum Íslands. Krafan byggist á grunnreglum skaðabótaréttar, þ.e. lögum um skaðsemisábyrgð, sakarreglunni og reglunni um vinnuveitendaábyrgð, en ekki á lögum nr. 111/2000. Stefnanda sé heimilt að beina kröfu að stefnda með þeim hætti sem hann hafi gert í máli þessu, sbr. 2. mgr. 19. greinar laga nr. 91/1991.

Málsástæður stefnda

Enginn galli hafi komið fram í sjálfu bjargráðstækinu. Það hafi verið leiðsla sem hafi reynst gölluð en það hafi ekki verið ljóst árið 2007. Gallinn hafi ekki komið í ljós fyrr en við röntgenskoðun á leiðslu eftir að bréf frá A barst spítalanum. Könnun spítalans hafi verið nákvæm og vönduð. Stefnandi hafi sannarlega þurft á tækinu að halda. Hann hafi fengið viðeigandi meðferð án tafar. Honum hafi verið vel sinnt og notuð þau meðferðarúrræði og tæki sem hafi verið til reiðu á þeim tíma. Starfsfólk stefnda hafi brugðist rétt við á viðunandi hátt og fylgt reglum um starf sitt.

Stefndi sé ekki ábyrgur samkvæmt lögum nr. 111/2000. Þá beri hann ekki ábyrgð á grundvelli laga nr. 25/1991 um skaðsemisábyrgð. Ekkert hafi verið að bjargráðstækinu og því sé málsgrundvöllur stefnanda rangur. Gallinn hafi reynst vera í leiðslum. Stefndi sé ekki dreifingaraðili í skilningi laganna, sbr. m.a. 3. mgr. 4. gr., 10. gr. og 1. gr. Hann hafi heldur ekki verið framleiðandi. Með því að setja bjargráðinn og leiðslurnar í stefnanda hafi þess verið freistað að tryggja heilsufar hans. Samkvæmt

2. mgr. 6. gr. laganna hvíli sönnunarbyrði á ætluðum tjónþola. Stefnandi hafi ekki þurft að greiða fyrir tækið eða leiðslurnar en þau hafi verið notuð í lækningaskyni.

Galli sem síðar hafi komið fram í leiðslum sé ekki á ábyrgð stefnda. Stefnandi þurfi að beina kröfum sínum að framleiðanda leiðslunnar. Því sé um að ræða aðildarskort, sbr. 2. mgr. 16. gr. laga nr. 19/1991.

Stefndi telji ósannað að stefnandi hafi orðið fyrir tjóni vegna rafstuðsins eða aðgerða í kjölfarið. Stefndi hafi ekki valdið stefnanda neinu tjóni. Staðið hafi verið fullkomlega að öllum þáttum í málinu, þ.e. lækni meðferð, aðgerðum, skoðun á tækjum og leiðslum, o.s.frv. Ekki sé neinni sök fyrir að fara. Orsök ástands stefnanda sé að rekja til sjúkdóms hans sjálfs.

Vilji svo ólíklega til að skilyrði séu til þess að taka kröfu stefnanda til greina á grundvelli laga nr. 25/1991 sé byggt á því að krafan sé fyrnd, sbr. 14. gr. þeirra laga.

Þá sé því hafnað að um ágalla sé að ræða, sbr. 1. mgr. 5. gr. laganna, en verði talið að svo sé þá beri stefndi ekki ábyrgð á því.

Því sé jafnframt mótmælt að stefndi beri ábyrgð samkvæmt reglum skaðabótaréttar um hlutlæga ábyrgð vegna bilunar í tæki. Stefndi hafi hvorki verið umsjónaraðili tækis né söluaðili þess. Stefnandi hafi ekki keypt tækið eða leiðslurnar. Bjargráðurinn hafi ekki verið vanbúinn eða gallaður og ekki verið rangt græddur í stefnanda. Starfsmenn stefnda hafi ekki gert mistök og því séu skilyrði vinnuveitenda-ábyrgðar ekki fyrir hendi. Tilvísunum til reglna skaðabótaréttar um nafnlaus eða uppsöfnuð mistök sé mótmælt. Engin mistök hafi átt sér stað hjá stefnda.

Ekki séu skilyrði til að snúa við sönnunarbyrði eða slaka á sönnunarkröfum. Tilvísunum til sakarlíkindareglu eða meginreglu um sérfræðiábyrgð sé mótmælt. Skilyrðum annarra skaðabótareglna sé heldur ekki fullnægt. Sjónarmiðum um sönnunarbyrði tjónvalds eða skaðabótaskylds aðila um frádrátt frá skaðabótakröfu sé mótmælt. Stefndi sé hvorki tjónvaldur né skaðabótaskyldur aðili.

Stefndi mótmæli matinu sem stefnandi hafi aflað einhliða. M.a. sé sjúkdómur stefnanda stórkostlega vanmetinn í matsgerðinni og það ekki rökstutt hvers vegna stefnandi hafi versnað. Það sé hlutverk búnaðarins í stefnanda að gefa rafstuð þegar við á. Það sé því langsótt að slík virkni tækis valdi tjóni og örorku og það sé ósannað.

Sönnunarbyrðin hvíli á stefnanda fyrir öllu sem skaðabótakröfu hans viðkomi, þ.m.t. tjóni. Það sé einnig ósannað með öllu að ætlað tjón stefnanda sé afleiðing athafna stefnda eða starfsmanna hans. Bótaábyrgð tjónvalds takmarkist við sennilegar afleiðingar saknæmrar og ólögætrar starfsemi eða annarrar háttsemi sem geti varðað bótaskyldu. Stefndi taki undir álit embættis landlæknis um að engin mistök hafi verið gerð. Taka þurfi tillit til þess að þá hafði röntgenrannsókn ekki verið gerð. Einnig sé vísað til álits M læknis sem hafi talið ólíklegt að truflanir og stuð frá tækinu hafi leitt til versunar á ástandi stefnanda. Hann hafi bent á að stefnandi hefði áður fengið

kransæðastíflu og útbreidda framveggsskemmd með stækkað hjarta og skerta starfsemi vinstra slegils. Hann hafi þannig talið mun líklegra að versnun á undirliggjandi sjúkdómi skýrði aukin einkenni fremur en truflun í bjargráðskerfinu.

Verði fallist á kröfu stefnanda að einhverju leyti þá sé byggt á því að hún sé allt of há, bæði í heild og í einstökum liðum. Matsgerðin sé röng, veikindatímabil og tímabundin óvinnufærni séu of löng. Jafnframt sé mati samkvæmt 4. gr. skaðabótalaga mótmælt sem of háu, auk mats samkvæmt e- og f-liðum. Stefndi sé jafnframt ósammála ákvörðun stöðugleikapunkts. Stefndi mótmæli enn fremur útreikningum á grundvelli mats sem of háum og geri alla fyrirvara við þá. Kröfu um annað fjártjón og sjúkrakostnað í framtíðinni sé mótmælt. Ekki séu skilyrði til þess að taka þá kröfu til greina en verði það gert sé krafist verulegrar lækkunar hennar.

Þess sé krafist að greiðslur frá Sjúkratryggingum Íslands dragist að fullu frá bótakröfu stefnanda. Einnig sé þess krafist að bætur sem stefnandi kunni að fá samkvæmt lögum nr. 111/2000 dragist að fullu frá kröfu stefnanda á hendur stefnda. Vísist um það til laganna í heild en sérstaklega til 7. gr., sbr. 4. mgr. 5. gr., laga nr. 50/1993. Verði talið að stefnandi hafi að einhverju leyti misfarið með hugsanlega kröfu á hendur Sjúkratryggingum Íslands þá eigi sú krafa sem hann hefði átt rétt á að dragast frá kröfu á hendur stefnda. Þá eigi að dragast frá allar greiðslur sem stefnandi hafi fengið eða muni eiga rétt á og séu taldar upp í 4. mgr. 5. gr. skaðabótalaga, bætur samkvæmt lögum um sjúklingatryggingu og 40% af reiknuðu eingreiðsluverðmæti örorkulífeyris frá lífeyrissjóði og skuli við útreikninginn miða við 4,5% ársafvöxtun.

Upphafstíma vaxta sé sérstaklega mótmælt. Allir vextir frá meintum tjónsdegi til dagsins fjórum árum fyrir birtingu stefnu séu fyrndir með vísan til 3. gr. laga nr. 14/1905, sbr. 3. gr. laga nr. 150/2007. Stefndi telji ekki vera skilyrði til þess að dæma dráttarvexti. Verði hins vegar fallist á þá kröfu þá sé bent á það að stefnandi hafi ekki beint kröfum að stefnanda fyrr en í stefnu í málinu. Verði dráttarvextir dæmdir komi þeir þá fyrst til álita frá dómsuppsögudegi en verði ekki fallist á það eigi ekki að dæma dráttarvexti fyrr en mánuði eftir birtingu stefnu, sbr. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 38/2001.

Niðurstaða

Fyrir liggur að sakarefni máls þessa var skipt upp með þeim hætti að fyrst yrði dæmt um kröfu stefnanda á hendur Sjúkratryggingum Íslands um að felld yrði úr gildi ákvörðun stofnunarinnar, dags. [...] 2010, sbr. síðar úrskurð úrskurðarnefndar almannatrygginga frá [...] 2011, en að leyst yrði úr fjárkröfum á hendur stefndu síðar. Þá liggur fyrir að með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur, dags. [...] 2017, var framangreindur úrskurður úrskurðarnefndar almannatrygginga felldur úr gildi. Í kjölfarið greiddu Sjúkratryggingar Íslands stefnanda hámarksbætur samkvæmt lögum nr. 111/2000 og var þá fallið frá frekari kröfum á hendur þeim í málinu, svo sem lýst

er að framan. Er því í þessum síðari þætti málsins einungis fjallað um eftirstandandi kröfur stefnanda á hendur stefnda íslenska ríkinu til að ná fullum bótum. Eftir úrskurð Landsréttar í máli nr. [...] /2019 verður að líta svo á að tæk sé sú nálgun í kröfugerð og málatilbúnaði stefnanda, að hafi dómur ekki fyllilega fallist á bótakröfu hans gagnvart Sjúkratryggingum Íslands, þá megi beina því að stefnda íslenska ríkinu, sem stefnt var til vara, að greiða kröfuna, eða til vara mismun heildarkröfu og þeirrar kröfu er fallist hafi verið á að Sjúkratryggingar greiddu, það er þá einungis það sem þá upp á vantar, sbr. 7. gr. laga nr. 111/2000. Eins og málum hafi hér verið háttað, sbr. framangreint, hafi þetta réttarfarshagræði verið stefnanda heimilt og þannig uppfyllt skilyrði 2. mgr. 19. gr. laga nr. 91/1991. Liggur enn fremur fyrir að stefnandi hefur þegar fengið þær hámarksbætur sem honum bar frá Sjúkratryggingum Íslands, sbr. 2. mgr. 5. gr. laga nr. 111/2000, sbr. enn fremur dóm Hæstaréttar Íslands í máli nr. [...] /2016 frá [...] 2017, og er stefnanda því heimilt að beina kröfum um það er út af stendur að stefnda.

Með hliðsjón af úrskurði Landsréttar í máli nr. 39/2019 er nú við meðferð máls þessa lögð áhersla á það að allar þær efnislegu varnir sem stefndi íslenska ríkið hefur uppi hvað varðar efnishlið málsins fái nú sjálfstæða umfjöllun þar sem fyrri dómur héraðsdóms í málinu, dags. [...] 2017, fjallaði ekki um kröfur á hendur þeim stefnda sem málsaðila og varnir stefnda fengu þar af leiðandi heldur ekki umfjöllun. Með hliðsjón af þessu hefur stefnda, íslenska ríkinu, nú gefist kostur á því að færa fram fullar varnir sínar m.a. með því að vitni komu að nýju fyrir dóm og gáfu skýrslur.

Fyrir liggur að stefnandi, sem er haldinn hjartasjúkdómi og fékk græddan í sig bjargráð árið 2004, varð þann [...] 2007 fyrir því að bjargráðurinn gaf frá sér rafstuð að óþörfu og þann [...] 2007 gaf hann aftur tvisvar sinnum frá sér óþarft rafstuð. Í kjölfarið gekkst stefnandi undir aðgerð þann 28. sama mánaðar og þurfti síðan að nýju að gangast undir aðgerð þann [...] 2008 þar sem nýi bjargráðsvírinn hafði færst til og skipta þurfti um leiðslu. Af gögnum málsins og því sem hér fyrr greinir telur dómurinn ótvírætt sýnt fram á að um galla hafi verið að ræða í bjargráðsleiðslu sem sett hafi verið í stefnanda árið 2004 og gallinn leitt til bilunar í henni eða alvarlegrar truflunar á virkni hennar er orsakað hafi umrædd ótímabær stuð.

Hvað varðar þá síðan mat á því hvort umrædd stuð og lækniáðgerðir vegna þeirra annmarka sem reyndust vera á búnaðinum hafi haft afgerandi þýðingu fyrir óumdeilda og verulega versnun á heilsufari stefnanda eftir áramót 2007-2008, þá telur dómurinn rétt að áréttta að fyrir liggur að stefnandi er haldinn langvinnri hjartabilun í kjölfar hjartadreps sem hann fékk árin 1990 og 2002 og var hjartastarfsemi hans því alvarlega skert fyrir. Sjúkdómi hans hefur verið haldið í skefjum með lyfjum og lengi vel gekk sú meðferð afar vel. Þá er stefnandi með alvarlegan kransæðasjúkdóm og gekkst undir hjáveituaðgerð árið 2002 í kjölfar hjartadreps og hefur síðan þurft að gangast undir

æðavíkkannir. Þá liggur fyrir að í [...] árið 2004 var græddur bjargráður í stefnanda með leiðslu af þeirri gerð sem innkölluð var síðar af bandaríska lyfjaeftirlitinu (FDA) í [...] 2011 vegna galla í hönnun eða framleiðslu hennar. Þann [...] 2007 fær stefnandi óþarft stuð frá bjargráðnum en við mælingu kom í ljós að leiðslan úr bjargráðnum væri biluð. Sett var þá í ný leiðsla af tegund sem reynst hefur betur. Í aðgerð á stefnanda þegar hinni nýju leiðslu var komið fyrir sást skaði á slíðri gömlu leiðslunnar en ekki þótti unnt að slá því föstu hvort skaðinn hefði orðið þegar losað var um hana við bjargráðinn eða hann verið kominn fram áður. Fram hefur komið að röntgenmynd sem tekin var í [...] 2010 sýndi rof á slíðri bjargráðsleiðslunnar sem komið var fyrir í [...] 2004. Myndin sýnir rof á ytra byrði leiðslunnar og samrýmist það því sem lýst hafði verið áður af framleiðanda og FDA sem dæmigerðri birtingarmynd gallans. Samkvæmt mælingum þá leiddi bilun eða alvarleg truflun á virkni leiðslunnar til hinna óþörfu rafstuða í [...] 2007.

Með hliðsjón af framansögðu þá verður að mati dómsins að telja yfirgnæfandi líkur á því að veikleiki og galli í slíðri hafi valdið bilun leiðslunnar og hinum óþarfa stuðum hjá stefnanda. Af tiltækum málsskjölum og með framburði vitna verður einnig að telja ljóst að heilsa og líkamleg geta stefnanda hafi orðið mun verri eftir atburðina [...] 2007/2008 en var fyrir. Það er eðli langvinnrar hjartabilunar af þeim toga sem stefnandi býr við að hún versni smám saman í tímans rás. En skyndileg versnun á einkennum sem stefnandi upplifði ótvírætt eftir aðgerðirnar 2007-2008 gefur fremur vísbendingu um það að hjartastarfsemi hans hafi þá versnað nokkuð skyndilega. Erfitt getur reynst eða ómögulegt að sýna fram á slíka versnun með ómskoðun á hjarta, sérstaklega þegar starfsemi hjartans er þegar mikið skert, eins og er í tilviki stefnanda.

Fyrir liggur að stefnandi var lagður inn á Landspítalann í [...] árið 2008 með brjóstverki og reyndist hann þá vera með um 70% þrengingu í hægri kransæð sem var víkkuð með góðum árangri en aðrir hlutar kransæðakerfisins virtust að mestu óbreyttir frá fyrri rannsókn. Í matsgerð dómkvaddra matsmanna í máli þessu frá árinu 2014 og þá sérstaklega í fyrirbyggjandi yfirmati frá 2015 er leitt að því líkum að undirliggjandi kransæðasjúkdómur stefnanda hafi haft mest um það að segja að ástand hans versnaði í [...] 2008. Dómurinn getur hins vegar ekki fallist á þau rök og telur að horfa verði fremur til þess að ef versnun á heilsu stefnanda í [...] 2008 mætti skýra með versnun á kransæðasjúkdómi með þrengingu á hægri kransæð, þá væri öllu rökréttara að álykta sem svo að heilsa stefnanda hefði miklu fremur átt að fara til muna batnandi eftir að þrengingin var víkkuð í [...] 2008. Svo varð þó ekki og endurheimti hann ekki fyrri starfsgetu þrátt fyrir að fram komi í stofunótu læknis hans, D, að ástand hans hafi batnað eitthvað eftir umrædda vikkun. Telst niðurstaða yfirmatsins frá 2015 því að mati dómsins fela í sér vafasamar ályktanir með tilliti til þess að litið virðist þar vera fram hjá þýðingu framangreinds. Þá er það einnig álit vitnisins D, þess

meðferðarlæknis sem þekkir allra best til sjúkdóms stefnanda og hefur auk þess mikla reynslu af meðferð með bjargráðum og af aukaverkunum slíkrar meðferðar, að sjálfar aðgerðirnar hafi vísast verið höfuðorsök versnunar í tilviki stefnanda. Þá er það einnig þekkt í læknisfræði að rafstuð frá bjargráðum geti leitt til hjartaskaða. Þótt stefnandi hafi þannig lengi átt við langvinna og alvarlega hjartabilun og kransæðasjúkdóm að etja þá eru að mati dómsins þó mun meiri líkur á því að bilun í bjargráðsleiðslu í [...] 2007 og atburðir því tengdir hafi leitt til skyndilegrar versnunar á ástandi stefnanda og valdið mestu um þann skaða er hér um ræðir. Teljast þau orsakatengsl því nægilega sönnuð að mati dómsins, sbr. VI. kafli laga nr. 91/1991.

Hvað varðar þá ætlaða bótaábyrgð stefnda, með hliðsjón af hér framangreindu, þá byggir stefnandi kröfugerð sína á hendur stefnda einkum á lögum nr. 25/1991 um skaðsemisábyrgð. Það er að ágalli hafi verið á vöru, sem stefndi hafi dreift, og að gallinn hafi valdið stefnanda líkamstjóni, eins og þegar hefur hér verið fallist á af hálfu dómsins. Stefndi hafnar því hins vegar að þau lög eigi við hvað hans þátt varðar þar sem stefndi hafi ekki verið dreifingaraðili í skilningi umræddra laga. Hvað varðar framsetningu á málsástæðum stefnanda og málsástæður stefnda í þessu tilliti, þá fellst dómurinn á með stefnanda að umrædd leiðsla teljist jafnan vera órjúfanlegur þáttur í notkun bjargráðs og að réttarstaðan varðandi hana sé því hin sama og gildir um tækið í þessu tilliti, en hvort tveggja var sannanlega hluti búnaðar á vegum Landspítalans.

Samkvæmt 3. mgr. 4. gr. laga nr. 25/1991 telst hver sá vera dreifingaraðili sem í atvinnuskyni dreifir vöru án þess að teljast vera framleiðandi, en fyrir liggur í málinu að Landspítalinn flutti umrætt tæki og leiðslur með því inn til landsins. Í greinargerð með frumvarpi því sem varð að lögum nr. 25/1991 kemur fram að það sé ekki skilyrði ábyrgðar á grundvelli umrædds ákvæðis að endurgjald komi fyrir vöruna. Þá liggur fyrir að bjargráðstækið og það sem því fylgdi, þar á meðal umrædd leiðsla sem haldin var galla, var keypt inn á spítalann þar sem búnaðinum var svo komið fyrir í stefnanda af starfsmönnum spítalans. Verður því að túlka það sem svo að um dreifingu vörunnar hafi verið að ræða í skilningi laganna og hefur það þá ekki þýðingu þótt stefnandi hafi ekki þurft að greiða fyrir tækið og leiðslurnar og búnaðurinn notaður í lækningaskyni.

Samkvæmt 5. gr. laga nr. 25/1991 þá telst vara haldin ágalla þegar hún er ekki svo örugg sem með réttu mátti vænta eftir öllum aðstæðum, m.a. þeirri notkun sem með sanngirni mátti gera ráð fyrir. Sýnt hefur verið hér nægilega fram á að um var að ræða galla í bjargráðsleiðslu sem síðan olli stefnanda heilsufarstjóni. Var leiðslan því ekki svo örugg sem vænta mátti og verður að fallast á það að um ágalla á henni hafi verið að ræða í skilningi laganna. Skiptir að mati dómsins ekki máli þótt stefnandi hafi í upphafi talað um galla í bjargráð, en komið hafi síðar í ljós að hann hefði í raun verið í bjargráðsleiðslu, enda var hún hluti af bjargráðstækinu, svo sem að framan greinir.

Í 10. gr. laga nr. 25/1991, áður en henni var breytt með lögum nr. 3/2014, kom fram að dreifingaraðili beri ábyrgð á skaðsemistjóni beint gagnvart tjónþola og síðari dreifingaraðilum. En núverandi ákvæði 10. gr. laganna þar sem segir að dreifingaraðili beri ábyrgð á skaðsemistjóni samkvæmt 2. gr. þeirra nema hann sýni fram á að tjónið verði ekki rakið til sakar hans eða vanrækslu tók gildi [...] 2014. Verður að líta svo á að hið upphaflega ákvæði eigi í tíma ótvírætt við um atvik þessa máls og felur í sér hlutlæga ábyrgð dreifingaraðila. Varnir stefnda í þessu sambandi hafa einkum lotið að því að kröfunni sé ranglega beint að honum og að stefnandi þurfi að beina kröfu sinni að framleiðanda þess búnaðar sem haldinn hafi verið ágalla. Í greinargerð með frumvarpi að lögunum kemur fram að ábyrgðin stofnist án tillits til þess hvort tjón verði rakið til sakar. Ábyrgðin sé hlutlæg eftir þessu ákvæði, eins og eftir 6. gr. þeirra, sem gildi um ábyrgð framleiðanda. Hins vegar séu reglur þessara ákvæða frábrugðnar að því leyti að ábyrgð dreifingaraðila samkvæmt 10. gr. sé háð því að framleiðandi eða fyrri dreifingaraðilar beri bótaábyrgð á skaðsemistjóni. Ábyrgð eftir 10. gr. megi því líkja við ábyrgð sjálfskuldarábyrgðarmanns. Það sé þó ekki skilyrði ábyrgðar dreifingaraðila samkvæmt 10. gr. að framleiðandi eða fyrri dreifingaraðili hafi verið dæmdur til þess að greiða kröfuna eða að sátt hafi verið gerð um hana. Nægilegt sé að telja verði að einhver þessara aðila yrði dæmdur bótaskyldur ef mál yrði höfðað gegn þeim. Tjónþoli geti því samkvæmt frumvarpi til laganna í slíku tilviki valið það að hverjum í framleiðslu- og dreifingarröðinni hann beini bótakröfu sinni. Hann geti þá einnig beint kröfu sinni að fleiri en einum. Þeir sem tjónþoli eigi kröfu á eftir reglum laganna beri óskipta ábyrgð. Samkvæmt þessu er kröfu stefnanda hér réttilega beint að stefnda, og ber hann ábyrgð á grundvelli umræddrar 10. gr. laga nr. 25/1991, en um mögulega framkröfu fjallar í 3. mgr. 11. gr. laganna og kemur ekki til álita hér. Er það því mat dómsins að fyrir liggi bótaábyrgð stefnda gagnvart stefnanda á þessum grunni.

Stefndi byggir einnig á því að krafa stefnanda á grundvelli laganna sé fyrnd, sbr. 14. gr. þeirra. Samkvæmt ákvæðinu fynast kröfur um bætur fyrir skaðsemistjón þegar þrjú ár eru liðin frá þeim degi er tjónþoli fékk eða mátti fá vitneskju um tjón sitt, ágalla vörunnar og nafn og dvalarstað framleiðanda þess sem í hlut á. Eins og að framan greinir þá urðu þau atvik sem stefnandi leiðir heilsutjón sitt frá [...] 2007/2008 en stefnanda varð hins vegar ekki kunnugt um tjónið fyrr en nokkru síðar þegar heilsu hans hafði farið hrakandi. Þá kom bilun í bjargráðsleiðslunni ekki í ljós fyrr en síðar og stefnandi virðist fyrst hafa verið upplýstur um ágallann við skoðun í [...] 2012. Í kjölfarið óskaði hann eftir mati tveggja lækna og eins lögmanns á ætluðu tjóni sínu. Það varð niðurstaða matsmannanna að afleiðingar óréttmæts stuðs væru alger skerðing á starfsgetu stefnanda. Þann [...] 2014 höfðaði stefnandi svo mál þetta. Telst krafa stefnanda því ekki hafa verið fyrnd þegar málið var höfðað.

Stefndi telur að stefnandi geti ekki byggt bótakröfu sína á matsgerð þeirri sem hann aflaði einhliða og hafi með henni ekki sýnt nægilega fram á tjón sitt. Í matsgerð E bæklunarlæknis, F hjartalæknis og G lögfræðings, dags. [...] 2014, sem stefnandi aflaði einhliða, kemur fram að í kjölfar þeirra atvika sem um ræði hafi stefnandi orðið algerlega óvinnufær, en undirliggjandi sjúkdómur hans hefði þó versnað hægt og rólega og valdið einhverri skerðingu á starfsgetu síðar. Starfsemi vinstri slegils hafi versnað mjög eftir stuðið í [...] 2007 og skilið eftir sig útbreiddan „ischemiskan“ hjartasjúkdóm og „ischemiska cardiomyopatiu“. Í umræddu mati var varanleg örorka stefnanda metin 65% og varanlegur miski hans 60 stig. Þegar hefur verið fallist á þá sönnun að allar líkur hljóti að standa til þess að skyndileg versnun sjúkdómseinkenna stefnanda megi rekja til ótímabærs rafstuðs sem hann hlaut í [...] 2007 vegna galla í bjargráðsleiðslu og atburða sem því tengjast. Hefur niðurstöðum dómkvaddra matsmanna í undir- og yfirmati um að slíkar tjónsorsakir séu ekki nægilega sannaðar því verið hafnað. Fyrir liggur að þrátt fyrir niðurstöðu dómsins [...] 2017 afréði stefndi ekki að nýta heimild til reyna að hnekkja matsgerðinni með því að dómkveðja matsmenn eða bera málið undir örorkunefnd, sbr. 1. mgr. 10. gr. skaðabótalaga. Þykir því verða að leggja umrædda matsgerð til grundvallar við ákvörðun bóta til stefnanda.

Í aðalkröfu krefst stefnandi bóta fyrir sjúkrakostnað og framtíðarsjúkrakostnað, að fjárhæð 1.000.000 króna, þar sem ljóst megi telja að stefnandi verði meira undir læknishendi en ella vegna sjúkratryggingaratburðarins, til komi aukinn kostnaður hans vegna ferða til lækna og alls kyns kostnaður vegna komugjalda, lyfja, símanotkunar og aksturs. Stefndi telur ekki skilyrði til að taka þá kröfu til greina. Ekkert liggur hér fyrir um það fyrir hvers konar sjúkra- eða lyfjakostnaði stefnandi verði í framtíðinni af þessum sökum. Þykir því ekki unnt að taka þá kröfu hans til greina án þess að fyrir liggja mat á kostnaði sem hann eigi eftir að verða fyrir. Verður þessari kröfu því hafnað en fallist á fjárhæðir í varakröfu þó að því undanskildu að fjárhæð þjáningabóta verður miðuð við fjárhæð í stefnu, en sú krafa verður ekki hækkuð gegn andmælum stefnda.

Til frádráttar þeirri kröfu sem fallist hefur verið þannig á koma síðan greiðslur frá Sjúkratryggingum Íslands, svo sem stefnandi hefur gert ráð fyrir í kröfugerð sinni, en einnig greiðslur samkvæmt 4. mgr. 5. gr. skaðabótalaga eins og stefnandi hefur gert ráð fyrir í varakröfu sinni sérstaklega. Í samræmi við framangreint þá verður því fallist á varakröfu stefnanda að teknu tilliti til þess sem að framan greinir um þjáningabætur.

Stefndi andmælir vaxtakröfu stefnanda þar sem vextir eldri en fjórum árum fyrir birtingu stefnu séu fyrndir. Með vísan til 3. gr. laga nr. 14/1905, sbr. 3. gr. laga nr. 150/2007, þá er fallist á það að vaxtakrafa stefnanda fyrir [...] 2010 sé fyrnd og verður því fallist á vexti frá þeim degi. Stefndi mótmælir einnig dráttarvaxtakröfu. Fyrir

liggur að stefnandi beindi kröfum sínum fyrst að stefnda með stefnu og þykir því rétt að upphafsdagur dráttarvaxta sé mánuði eftir þann dag, sbr. 9. gr. laga nr. 38/2001.

Með hliðsjón af öllu hér framangreindu þá verður að mati dómsins ekki talið að aðrar fram komnar röksemdir eða málsástæður aðila hafi sérstaka þýðingu í málinu eða geti leitt til annarrar niðurstöðu í því, sbr. e-lið 1. mgr. 114. gr. laga nr. 91/1991.

Stefnandi nýtur gjafsóknar í málinu, sbr. bréf innanríkisráðuneytis, dags. [...] 2013. Allur gjafsóknarkostnaður hans, þar með talin málflutningsþóknun lögmanns hans, Steingríms Þormóðssonar, sem þykir hæfilega ákveðin miðað við viðbótarvinnu og þegar tildæmda þóknun, 850.000 krónur, greiðist því úr ríkissjóði. Við ákvörðun málskostnaðar hefur ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts á málflutningsþóknun. Með hliðsjón af framangreindu þykir rétt að málskostnaður á milli aðila falli niður.

Pétur Dam Leifsson héraðsdómari kveður upp dóminn sem dómsformaður í fjölskipuðum dómi ásamt með þeim Arnaldi Hjartarsyni héraðsdómara og Ágústi Erni Sverrissyni sérfræðilækni á sviði hjartalækninga. Þess ber að geta að dómsformaður tók við málinu þann 2. janúar sl., en hafði fram til þess enga aðkomu að meðferð þess.

D Ó M S O R Ð

Stefndi, íslenska ríkið, greiði stefnanda, A, 27.538.363 krónur, ásamt 4,5% ársvöxtum frá [...] 2010 til [...] 2014, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá þeim degi til greiðsludags, allt að frádregnum innborgunum að fjárhæð 15.117.181 króna þann [...] 2008, 9.707.821 króna þann [...] 2017 og 2.185.060 krónur þann [...] 2017.

Málskostnaður fellur niður, en allur gjafsóknarkostnaður stefnanda, A, þar með talin þóknun lögmanns hans, Steingríms Þormóðssonar, 850.000 krónur, greiðist úr ríkissjóði.

Pétur Dam Leifsson (sign.)

Arnaldur Hjartarson (sign.)

Ágúst Örn Sverrisson (sign.)